

L Ö G**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Slysavarnafélagi Íslands
að flytja inn björgunarbát.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Slysavarnafélagi Íslands að flytja inn björgunarbát þótt eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. mars 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Blöndal.

1. apríl 1993

nr. 24

L Ö G**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa
Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma, þó eldri sé en 12 ára, skv. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Blöndal.